

Rangárþing ytra
Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 8. október 2021
UST202109-287/A.Þ.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 – Gaddstaðir

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 29. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 vegna breytingar á landnotkun Gaddstaða.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að frístundasvæði F63 verður minnkað um 47 ha og íbúðabyggðin ÍB16 stækkuð sem nemur minnkun frístundasvæðisins.

Umhverfisáhrif íbúðarbyggðar

Í greinargerð er vitnað í kafla 2.1.1 í landsskipulagsstefnu þar sem segir um skipulag í dreifbýli að: „*skipulag sveitarfélags miði að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags og beini vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.*“

Að auki bendir stofnunin á að í kafla 3.2.1 í landsskipulagsstefnunni segir að sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi vaxtarmörk þéttbýlisstaða með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í landsskipulagsstefnu að mikilvægt sé að hafa skýr þéttbýlismörk og beina vexti íbúðarbyggðar að þéttbýliskjörnum til að vernda verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland.

Í nógildandi aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 segir að stuðlað verði að þéttingu núverandi íbúðarbyggðar með góðum tengslum við miðlæga þjónustu- og útivistarsvæði og í samfellu við núverandi byggð og að lögð verði áhersla á uppbyggingu á svæðum tengdum núverandi íbúðarbyggð og á auðum lóðum. Enn fremur kemur fram í kafla aðalskipulagsins um stefnu í dreifbýli að samfelldri íbúðarbyggð verði beint í þéttbýlið á Hellu.

Þar sem skipulagstillagan tekur til íbúðarsvæða utan þéttbýlismarkna sveitarfélagsins þá telur Umhverfisstofnun mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig hún samrýmist kafla 2.1.1. í landskipulagsstefnu og nógildandi aðalskipulagi.

Virðingarfyllt,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur